

**Áfangalýsing:** Stefnt er að því í þessum áfanga að nemendur öðlist skilning á fáeinum frumhugtökum heimspekilegra fræða, svo sem rök, sannindi, ályktun og þekking. Áhersla er lögð á rökfræði daglegs máls og greiningu hugtaka. Nemendur vinna að fjölmörgum rökfræðiverkefnum og dæmum. Auk þess kynnast nemendur ýmsum kenningum vísindaheimspekinnar um hlutverk, eðli, flokkun og aðferðir vísindanna. Sérstaklega er fjallað um heimspekilegar forsendur og tilurð félagsvísinda. Að þessu sinni verða einnig kynnt nokkur viðfangsefni siðfræðinnar og fjallað um siðferðileg álitamál.

**Markmið:** Nemandi

- geri sér grein fyrir hugtökunum rök, mótsögn, samkvæmni og sannindi.
- fjalli um margræðni orða og setninga og fái þjálfun í greiningu merkingar.
- þekki rökleiðslur, rökform og gildi.
- kunni skil á flokkum, Venn-myndum, skilgreiningum, skilyrðingum og sannföllum.
- geri sér grein fyrir afleiðsluályktunum, sönnunum og aðleiðsluályktunum.
- fái góða þjálfun við að leysa fjölbreytt rökfræðiverkefni.
- þekki helstu einkenni vísindalegrar hugsunar; gagnrýnisanda og vísindalega aðferð.
- átti sig á hugtökunum kenning, tilgáta og lögmál og einnig á flokkun og skyldleika hinna ólíku vísindagreina, auk sambands vísinda og samfélags.
- kynnist tilgátu-afleiðslu aðferð og rökfræðilegri raunhyggju.
- þekki helstu kenningar Poppers, Kuhns og Feyerabends, auk túlkunarfræði.
- þekki orsakaskýringar Mills og lögmálskenningu Hempels auk ólíkra söguskýringa.
- kunni skil á heimspekilegum forsendum félagsvísinda og tengslum rökhusunar og hefðarhugsunar í klassískri félagsfræði hjá Comte, Tocqueville, Tönnies, Simmel, Durkheim og Weber.
- kynnist kenningum afleiðingasiðfræði og skyldusiðfræði.
- átti sig á innviðum siðferðis og flokkun siðferðisgæða.
- fái þjálfun í lausn siðferðilegra álitamála m.a. með hjálp klemmsagna og skírskotun til ólíkra siðfræðikenninga í því sambandi.

**Námsefni:** Ólíkindatólið – *Kver um vísindi og rök. (ENDURBÆTT)*. Auk þess ýmislegt annað efni og tímaglósur..

**Kennsluhættir:** Fyrirlestrar, verkefnavinna, umræður.

**Námsmat:** Skriflegt próf gildir 90% af einkunn; verkefni 10%.

**Lausleg kennsluáætlun:**

- 1.-2. vika: Hvað eru vísindi?
- 3. vika: Vísindi og samfélag.
- 4. vika: Tilgátur og rökfræðileg raunhyggja.
- 5. vika: Popper, Kuhn, Feyerabend.
- 6. vika: Orsakir, löghyggja og uppsprettur þekkingar.
- 7. vika: Upphaf félagsvísinda. (Verkefnavinna og nemendafyrirlestrar).
- 8. vika: Um rök, mótsagnir og samkvæmni.
- 9. vika: Eigindir orða og orðasambanda.
- 10. vika: Hugtak og flokkur.
- 11. vika: Skilgreining, skipting, flokkun.
- 12. vika: Um afstöður.
- 13. vika: Afleiðing og skylda.
- 14. vika: Nytjastefna og hugarfar.
- 15. vika: Siðfræði lífs og dauða.

Með fyrirvara um breytingar: Sigurður Ólafsson.